

Alþingi
Erindi nr. P 141/1510
komudagur 12.2.2013

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík 11. febrúar 2013

Efni: Tillaga til þingsályktunar um velferðarstefnu - heilbrigðisáætlun til ársins 2020, 470. mál.

Þann 24. janúar 2013 barst Femínistafélagi Íslands til umsagnar þingsályktunartillaga um velferðarstefnu - heilbrigðisáætlun til ársins 2020, 470. mál. Femínistafélagið lýsir yfir ánægju með að kynjasjónarmiða gætir víða í tillögunni og athugsemdum við hana, og tekur heils hugar undir það sem stendur í ályktuninni um að þörf sé á að efla rannsóknir á mismun kynjanna varðandi heilsu.

Femínistafélagið leggur til að bætt verði við þingsályktunartillöguna grein um að áætlanagerð vegna velferðarstefnu – heilbrigðisáætlunar, verði greind með rannsóknartækjum kynjaðar hagstjórnar, sem er eitt af jafnréttisverkefnum stjórnarráðsins (sjá: http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/kynjud_fjarlagagerd/). Með því að skoða ráðstöfun fjármuna og val á verkefnum út frá aðferðafræði kynjaðrar hagstjórnar er hægt að greina hvort ákvarðanir um ráðstafanir fjármuna hafi ólík áhrif á kynin og stöðu þeirra, og finna leiðir til að stuðla að sanngjarnri og hagkvæmri nýtingu opinberra fjármuna.

Fullt tilefni er til að beita þessari nálgun á áætlunina, m.a. segir í ályktuninni að „kostnaður fólks vegna heilbrigðisþjónustu leggst misjafnlega þungt á notendur, m.a. eftir sjúkdómum og hvar þjónusta er veitt. Því stendur nú yfir endurskoðun á greiðslupátttökukerfi heilbrigðisþjónustu.“ Sjúkdómar geta verið misalgengir meðal karla og kvenna og greiðslupátttaka mismunandi eftir sjúkdómum. Því er mikilvægt að við þessa endurskoðun sé aðferðafræði kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar beitt til að kynin beri ekki mjög mismikla greiðslubyrði vegna sjúkdóma sem eru misalgengir eftir kyni.

Femínistafélagið bendir á kynjavinkil hins ólaunaða umönnunarkerfis. Margt bendir til þess að umönnun aldraðra, sjúkra og barna sem fram fer utan við opinbera velferðarkerfið, séu enn þann dag í dag frekar á höndum kvenna heldur en karla. Femínistafélagið leggur til að á vegum velferðarráðuneytisins verði skoðuð sérstaklega staða aðstandenda sem taka að sér af nauðsyn mjög krefjandi umönnunarhlutverk, og hvernig megi styðja við bak þess hóps enn betur en nú er gert.

Þá bendir Femínistafélagið á að hugmyndir okkar um alvarleika sjúkdóma bera mark þeirrar samfélagslegu hugsunar sem er ríkjandi. Í hluta þingsályktunartillögunnar sem fjallar um heilbriggt holdarfar má færa rök fyrir að meira þúðri sé eytt í að bregðast við offitu sem heilsufarslegu vandamáli, heldur en átröskunum. Þar kristallast vandamálið sem samfélagslegar hugmyndir okkar um líkamsvöxt valda, offita verður álitid meira vandamál heldur en átraskanir. Í neðanmálgrein með ályktuninni kemur fram að 17% 11

ára stúlkna, 25% 13 ára stúlkna og 31% 15 ára stúlkna stunda megrunarhegðun. Femínistafélagið leggur til að a.m.k. jafn miklu þúðri sé eytt í að vinna gegn átröskunum (sem er auk þess mjög kynjað heilsufarslegt vandamál), og offitu. Því tengt bendir félagið á að allir mælikvarðar sem notaðir eru við árangursmælingu vegna áætlunarinnar verða að skoðast gagnrýnið, og vísar þar sérstaklega til BMI-stuðulsins sem hefur verið gagnrýndur fyrir að skilgreina fólk í heilbrigðum holdum í ofþyngd eða offitu. Má einmitt spyrja sig hvort að notkun stuðulsins uppfyllir markmiði áætlunarinnar um að bera virðingu fyrir fjölbreytileika líkamsvaxtar.

Virðingarfyllt,
F.h. Femínistafélags Íslands,
Steinunn Rögnvaldsdóttir, talskona